

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Helguvík Helguvík



Dags eftirlits	22.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Norðurál Helguvík	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Skógarhlíð 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4702072800	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Lilja Jónasdóttir / LEX	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Kara Borg Fannarsdóttir / LEX	Staðsetning	325803,637 396347,214

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávík komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram um að girðingar liggja niðri að hluta og því greið leið fyrir óviðkomandi inn á svæðið og að hreinsa þurfi rusl úr girðingum og ganga betur frá plaströrum sem liggja á lóð rekstraraðila og eru ekki í notkun.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða álver Norðuráls, Helguvík. Þar sem heimild er fyrir framleiðslu á allt að 250.000 tonnum af áli auk reksturs tilheyrandi málmsteypu, ker- og skautsmiðju, flæðigryfju, verkstæði og annarri þjónustu fyrir eigin starfsemi. Verksmiðjan er ekki fullgerð og engin starfsemi er á staðnum. Reksturinn er í sölufæri og óvíst með það hvort álframleiðsla verði stunduð á staðnum í framtíðinni.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og staðfesting á að starfsemi liggja niðri
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Önnur mál
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Skoðunarferð

Rekstur Norðuráls, Helguvík er í skiptameðferð og er Lex lögmennsstofa umsjónaraðili þess. Rætt var við ábyrgðamann í gegnum síma fyrir vettvangsheimsóknina, en að öðru leiti fór eftirlitið fram með skoðun á staðnum. Farið var að lóð rekstraraðila í Helguvík og aðstæður skoðaðar. Byggingin stendur auð og engin starfsemi er sjáanleg á staðnum. Nokkuð var um rusl í girðingum sem fokið hafði um svæðið og ganga þarf betur frá efni á lóð s.s. plaströrum. Girðing var farin að láta á sjá og liggur niðri að hluta og er því greið leið fyrir óviðkomandi inn á lóð álversins.

Engin frávík voru skráð í síðasta eftirliti þann 20. september 2019 en ein ábending var sett fram er varðar uppfærslu á viðbragðsáætlun ef starfsemi hefst í álverinu.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það út fyllt miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Rekstraraðila (Lex lögmennsstofa) var bent á, með tölvupósti þann 21. mars 2022, að sé um endanlega stöðvun starfsemi að ræða þarf rekstraraðili að sækja um niðurfellingu starfsleyfis, en það er gert á heimasíðu Umhverfisstofnunar eða á island.is, sbr. <https://island.is/nidurfelling-starfsleyfis>. Einnig var farið yfir það ferli sem við tekur, óski rekstraraðili um niðurfellingu starfsleyfis. Rekstraraðila er því kunnugt um að svo lengi sem starfsleyfið er í gildi þá fellur starfsemin undir eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar skv. áhættumati til ákvörðunar um tíðni eftirlits og greiðir rekstraraðili eftirlitsgjöld skv. gjaldskrá stofnunarinnar sbr. 53. gr. laga nr. 7/1998.

Bent er á að ef starfsemi hefst á staðnum þá ber að tilkynna til Umhverfisstofnunar þegar álverið eða einstakir kerskálur eru teknir í notkun skv. gr. 1.6 í starfsleyfi. Eins bera að uppfæra þær áætlanir sem við á m.t.t. þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á eignarhaldi, ábyrgðaraðilum, tengiliðum og framleiðsluferlum og aðferðum.

## ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að girðingar liggja niðri að hluta og því greið leið fyrir óviðkomandi inn á lóð álversins.

Ábending er sett fram um að plast og annað rusl situr fast í girðingum og er hreinsunar þörf. Einnig þarf að huga að betri frágangi á plastrorum sem liggja á lóð rekstraraðila og eru ekki í notkun.

#### **ANNAÐ**


Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 22.12.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir